



## Greiðsluskilmálar kkd. Skallagríms

Eftirfarandi verð og skilmálar gilda fyrir körfuknattleiksdeild Skallagríms tímabilið 2016-2017

Innheimt er fyrir hverja önn fyrir sig þ.e í ágúst/sept-des & janúar-maí.

### Verðskrá (greitt fyrir önn) tímabilið 2016-2017

Æfingagjöld tímabilið 2016-2017	Gjald
Minnibolti 6.-7. ára stelpur og strákar 1x í viku	7.000 kr
Minnibolti 6.-7. ára stelpur og strákar 2x í viku	14.000 kr
Minnibolti 8-9. Ára strákar	17.600 kr
Minnibolti 8-9. Ára stelpur	17.600 kr
Minnibolti 10-11 ára strákar	23.200 kr
Minnibolti 10-12 ára stelpur	23.200 kr
7-8 flokkur drengir	23.200 kr
9-10 flokkur drengir	23.200 kr
8-10 flokkur stúlkur	23.200 kr
Unglinga- og drengjaflokkur	23.200 kr

- Forráðamaður ber ábyrgð á skráningu og greiðslu í genum skráningarkerfið Nóra ([www.umsb.felog.is](http://www.umsb.felog.is)) eða á heimasíðu kkd. Skallagríms ([www.skallar.is](http://www.skallar.is)).
- Forráðamaður ber ábyrgð á að allar upplýsingar séu rétt skráðar í Nóra, þar er átt við netföng, símanúmer og heimilisfang. Nauðsynlegt er að skrá gild netföng og uppfæra reglulega upplýsingarnar milli anna.
- Ef forráðamaður vill nýta frístundarstyrk er það gert samhliða skráningu á námskeið í Nóra áður en gengið er frá greiðslu
- Hægt er að ganga frá greiðslu með því að greiða með kreditkorti eða greiðsluseðlum sem birtast í heimabanka. Hægt er að dreifa greiðslum innan hvers tímabils bæði með kreditkorti eða greiðsluseðlum
- Fyrir hvern útgefnin greiðsluseðil innheimtist sérstakt seðilgjald kr. 390
- Ekki er hægt að greiða fyrir x margar æfingar í viku að undantekningu 1 og 2 bekk.
  
- Miða skal við að æfingagjöld séu greidd í upphafi tímabils
- Skráningu skal vera lokið fyrir **20. september** á haustönn og **20. janúar á vorönn**
- Hafi æfingagjöld ekki verið greidd innan þess tíma og barnið verið við æfingar verður sendur greiðsluseðill á forráðamann.



- Veittur er systkina afsláttur innan deildar 25%
- **Greiðsla æfingagjalda er forsenda fyrir þátttöku á æfingum hjá kkd. Skallagríms og mótum sem flokkur þess fer á.**
- Iðkendur með ógreidd æfingagjöld fá ekki að keppa fyrir hönd kkd. Skallagríms. Hafi ekki verið gengið frá æfingagjöldum eftir fyrstu ítrekun frá yfirþjálfara yngriflokka þá má búast við að þjálfarar vísi iðkendum af æfingu
- Ef um fjárhagsvandmál er að stríða er mikilvægt að hafa samband við fulltrúa yngriflokkaráðs í byrjun tímabils svo hægt sé að finna sameiginlega úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans
- Ef iðkendur byrja á miðju tímabili, mega þeir stunda æfingar í allt að tvær vikur áður en æfingagjöld eru innheimt. Ef hann hættir innan þessa tíma þarf ekki að greiða æfingagjöld. Ef iðkandi æfir lengur en í tvær vikur skal hann greiða hlutfallslegt gjald sem er reiknað m.v. þann mánuð sem iðkandi byrjar að æfa.

### Úrsögn

- Úrsögn iðkanda úr námskeiði verður að berast með tölvupósti á netfangið [skallarkarfa@gmail.com](mailto:skallarkarfa@gmail.com). Það er á ábyrgð forráðamanna að tilkynna úrsögn iðkanda – tilkynning til yfirþjálfara er ekki tekin gild.
- Æfingagjöld eru ekki endurgreidd nema að góð og gild ástæða sé fyrir því að barnið hætti. Meiðsli, alvarleg veikindi eða búferlaflutningur. Hafa skal samband við fulltrúa í yngriflokkaráði sem afgreiðir slík mál í samráði við aðra fulltrúa yngisflokkaráðs. Ath. sá hluti sem greiddur er með frístundastyrk fæst ekki endurgreiddur.
- Ekki er heimilt að endurgreiða þar sem greitt hefur verið með Frístundastyrk Borgarbyggðar.

Frekari upplýsingar veita:

Íris Gunnarsdóttir gjaldkeri yngriflokkaráðs

Pálmi Þór Sævarsson yfirþjálfari yngriflokka

[skallarkarfa@gmail.com](mailto:skallarkarfa@gmail.com)